

Ed. 551. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]
um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Greinargerð.

Fyrir Ed. Alþingis liggur frv. um hluta sveitarfélaga af söluskatti, og var því vísað til fjhn. Meiri hl. n. telur sér ekki fært að mæla með samþykkt þess á þessu þingi, en minni hl. vill samþykkja frv. Nefndarmenn allir urðu þá sammála um að flytja till. til þál. um undirbúning löggjafar um tekjustofna sveitarfélaga, og er til þess ætlazt, að þeirri athugun verði hraðað svo, að leggja megi frv. um þetta mál fyrir næsta Alþingi.